

1873

3. júlí

en þær breytingar eru gjörðar, að komið er hjá helztu göllumum, sem áður voru, og er ætlað til að kostnaðurinn verði 498 rd.; í hinni áætluninni er gjört ráð fyrir að byggja upp nýtt hús fyrir 637 rd. 32 sk. Um áætlunir þessar er þess getið í fyrnefndu bréfi stiptamtsins, að hús það, sem yrði byggt fyrir síðar nefnda upphæð, mundi verða mjög ótraust, en hús úr plönkum mundi að öllum líkindum verða tvöfalt dýrara, og er því ráðið til, að farið verði eftir fyrri áætluninni.

Með því stjórnarráðið eftir málavöxtum verður að álíta, að ástæða sé til að fallast á þá áætlun, þar sem gjört er ráð fyrir að koma fangelsinu fyrir í þinghúsinu, eins og hún nú er gjörð, veitum vör yður, herra landshöfðingi, vald til að kaupa fyrir hönd jafnaðarsjóðsins þann þarf af þinghúsinu, sem þörf er á, fyrir kaupverð eftir mati óvilhallra manna, en þó má eigi gefa meira en 100 rd. fyrir þann þarf, sem í upphafi var gjört ráð fyrir að kaupa, og sem var 6¹/₂ aln á lengd og 6¹/₂ aln á breidd, og að tiltölu meira, eftir því sem þarf að kaupa stærri þarf af húsinu eftir hinni nýju áætlun; jafnframt þessu veitum vör yður myndugleika til, að fela fyrnefndum Sveini Sveinssyni fangelsisgjörðina á hendur fyrir tiltekið verð, eftir áætlun þeirri og uppdretti, sem vör sendum yður aptur með bréfi þessu, og skal þess getið, að það fê, sem með þarf til þessa og til byggingar fangelsa annarstaðar en í Reykjavík, mun verða tekið til í næstu fjárhagsáætlun, og talið sem lán úr landssjóðnum handa þeim jafnaðarsjóðum, sem í hlut eiga

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um embættisstjórn í forföllum hans.

4. júlí.

Í bréfi, dagsettu 31. maí þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér samkvæmt tilskipun 27. septbr. 1799, 10. gr. hafið orðið að höfða þrjú mál á móti Jóni Ólafssyni, útgefanda blaðsins „Göngu Hrólfs“, sem kemur út í Reykjavík,

1873.

4. júlí.

fyrir meidyrði gegn yður í 10. og 11. og 12. númeri tæðs blaðs, sem út komu 26. apríl og 29. maí þ. á., og jafnframt hafið þér borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort sakargiptir þær, sem yður þannig eru bornar, sé þess eðlis, að yður leyfist ekki að sitja í embætti yðar, þangað til búið sé að dæma í fyrnefndum málum. Með því að háyfirdómarinn í hinum íslenska landsyfirrétti, Þórður Jónasson, er orðinn viðriðinn eitt málið sökum þess, sem stóð í 12. númeri blaðsins, á þann hátt, að það geti viljað til, að því verði mótmælt, að hann sitji í réttinum þegar það mál verður dæmt, hafið þér, ef svo kynni að fara, að slík mótmæli kæmi fram og háyfirdómarinn viki úr sæti, og þar að auki kynni að álíta sig óhæfan til að setja dómara í sinn stað fyrir hönd landshöfðingjans, samkvæmt erindisbréfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., 29. gr., ennfremur stungið uppá, hvort ástæða sé til að skipa fyrir um, hver gegna skuli landshöfðingjaembættinu, ef bæði landshöfðinginn og háyfirdómarinn sé forfallaðir við einstakt tækifæri.

Um leið og vèr getum þess, að dómsmálastjórnin eigi getur fundið neina ástæðu af fyrnefndum sakargiptum við yður, herra landshöfðingi, til þess að bera það upp fyrir hans hátign konunginum, að þér skulið leggja niður embættisverk yðar, þangað til búið sé að dæma í fyrnefndum málum, gefst yður til kynna, að það skal hërmeð ákveðið samkvæmt fyrnefndri grein í erindisbréfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., að amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skipi dómara í landsyfirréttinn, ef til þess kemur, sem getið er um að framan.

5. júlí.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um læknakennslu og læknaskipun.

Með bréfi, dagsettu 14. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sem stiptamtmaður yfir Íslandi sent hingað uppástungu